


OECD *Multilingual Summaries* International Migration Outlook 2017

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/migr_outlook-2017-en](https://doi.org/10.1787/migr_outlook-2017-en)

Horfur í fólksflutningamálum 2017

Útdráttur á íslensku

Helsta þróun

Flæði innflytjenda til varanlegrar búsetu innan OECD jókst þriðja árið í röð samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir 2016. Um 5 milljónir manna fluttu til OECD landa til varanlegrar dvalar á árinu 2016, töluvert fleiri en þegar fyrra hámarki var náð á árinu 2007, fyrir efnahagshrunið.

Fólksflutningar af mannúðarástæðum voru helsta ástæða þessarar aukningar á árunum 2015/16 en 1,5 milljónir fylltu þann flokk milli janúar 2015 og desember 2016. Flutningar til fjölskyldusameiningar og frjáls flutningur fólks innan Evrópusambandsins skýrðu um þriðjung af innflutningi til landa OECD til varanlegrar dvalar á árinu 2015. Fimm helstu upprunalöndin á árinu 2015 voru Kína, Síryland, Rúmenía, Pólland og Indland. Af nýjum innflytjendum til landa OECD komu 29% frá öðru OECD landi.

Tímabundnir fólksflutningar hafa einnig aukist í löndum OECD. Á árinu jókst alþjóðlegur hreyfanleiki fólks innan fyrirtækja um meira en 10% og tilfærsla launafólks innan Evrópusambandsins jókst um 3%. Alþjóðlegar ráðningar árstíðabundins vinnuafis jukust í mörgum löndum, einkum og sér í lagi í Póllandi.

Á árinu 2016 voru í löndum OECD skráðar fleiri en 1,6 milljón nýjar umsóknir um hæli. Af þessum umsóknum voru nærri þrjú fjórðu skráðar í Evrópulöndum OECD. Meira en 20% umsókna komu frá Sírylendingum en 13% frá Afgönnum. Í Þýskalandi voru skráðar 720.000 formlegar hælisumsóknir á árinu 2016 en til þess lands bárust flestar umsóknir miðað við fólksfjölda (0,9%).

Til þess að bregðast við vaxandi eftirspurn eftir alþjóðlegri vernd hafa mörg lönd innan OECD víkkað út aðlögunaráætlanir sínar. Skilyrðin sem þeim eru sett, sem njóta verndarstöðu utan Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951, hafa hins vegar orðið óhagstæðari í nokkrum löndum. Í mörgum löndum er einnig verið að taka upp hert landamæraeftirlit og hert eftirlit með aðkomufólki og dvöl þess. Á sama tíma halda lönd OECD áfram að endurskoða og bæta stefnumótun sína um að laða að starfsfólk sem býr yfir mikilli færni, frumkvöðla og fjárfesta, sem standa til boða fleiri möguleika til aðflutnings og betri búsetuskilyrði.

Á árinu 2016 var atvinnustig aðflutts fólks í löndum OECD tiltölulega stöðugt við 67,4% markið, en það er eins prósentustigs hækkun frá fyrra ári. Atvinnuleysi meðal fólks sem fætt er erlendis er hins vegar ennþá hærra en hjá innfæddum jafningjum, sérstaklega í Evrópu.

Vegna flóttamannavandans hefur mikil vinna verið lögð í að skipuleggja viðeigandi opinber viðbrögð til þess að greiða fyrir aðgengi nýkominna flóttamanna og hælisleitenda að vinnumarkaðinum. Í mörgum löndum OECD hafa verið teknar upp fjölbreyttari kostir til aðlögunar í því skyni að veita klæðskerasaumaðar lausnir og laga þær að þörfum vinnumarkaðarins. Á sama tíma hefur verið lögð áhersla á ihlutun á frumstigum, svo sem með fyrirfram mati á færni og hraðari aðlögunarferli, t.d. með því að stytta tímenn sem aðlögunaráætlanir vara. Í nokkrum löndum hefur þátttaka í aðlögunaráætlunum verið gerð að skyldu.

Búferlaflutningar fjölskyldna

Búferlaflutningar fjölskyldna, sem falla í fjóra meginundirflokkka (fjölskyldustofnun, fjölskyldufylgd, fjölskyldusameining og alþjóðlegar ættleiðingar) hafa verið meginstraumurinn í varanlegum búferlaflutningum til OECD landa undanfarin ár. Í samanburði við aðra hópa farandfólks er fullorðið fjölskyldufólk seinna til að komast inn á vinnumarkaðinn í gístillandinu.

Fjölskyldur sem flytjast búferlum mynda afar fjölbreyttan flokk innflytjenda, þar sem einstaklingarnir eru allt frá því að vera hvítvoðungar og upp í það að vera háaldraðir, þeir geta búið yfir færni á ýmsum stigum og fjölskyldurnar geta verið af ýmsu þjóðerni. Þessi fjölbreytileiki skilur búferlaflutninga fjölskyldna frá öðrum farandhópum. Þarna er um að ræða flókið fyrirbæri sem brugðist hefur verið við með fjölmörgum mismunandi reglum og ákvæðum í löndum OECD.

Rýmkun réttinda á síðustu áratugum hafa fylgt aukin skilyrði um hlutgengi og um dvalarheimildir sem veittar eru fjölskyldufólki í búferlaflutningum. Umsjón með búferlaflutningum fjölskyldna verður sífellt flóknari eftir því sem reynt er að samræma mismunandi forgangatriði og stefnumið sem stangast á. Þótt nauðsynlegt sé að hafa stjórn á búferlaflutningum fjölskyldna eru ýmsar hindranir sem takmarka svigrúm til slíkrar stjórnunar. Við stefnumótun um búferlaflutninga fjölskyldna þarf að taka á fjórum mikilvægum úrlausnarefnum: hvernig hægt sé að sjá betur fyrir streymið í þessum fólksflutningum, hvernig hægt er að vega reglur um búferlaflutninga fjölskyldna á móti þörfum landa til þess að vera áfram fýsilegur kostur fyrir eftirsótt erlent vinnuafli, hvernig nota megja skilyrði sem fjölskyldum á faraldsfæti eru sett til þess að hraða aðlögun þeirra og hvernig bregðast skuli við réttindum fylgdarlausra barna til fjölskyldusameiningar.

Helstu niðurstöður

Fólksflutningar eru meiri en nokkru sinni síðan 2007.

- Varanlegt streymi innflytjenda til landa OECD náði 4,7 milljón komum á árinu 2015 (+7% frá 2014) og sú tala ætti að ná um 5 milljónum koma á árinu 2016 ef miðað er við bráðabirgðatölur.
- Árið 2016 voru skráðar 1,6 milljónum fleiri umsóknir um hæli en árið 2015. Um 1,5 milljónir manna hlutu alþjóðlega vernd á þessum tveimur árum.
- Á árinu 2015 voru fleiri en 1,5 milljón námsleyfi veitt nemendum á háskólastigi í löndum OECD.
- Árið 2015 OECD bjuggu í löndum OECD 124 milljónir manna sem fæddir voru í öðrum löndum.

Atvinnuþátttaka innflytjenda á vinnumarkaði er smám saman að batna að nýju.

- Fleiri en tveir af hverjum tíu innflytjendum eru með atvinnu. Að meðaltali náði atvinnuleysi meðal vinnufærs fólks af erlendum uppruna 8,3% árið 2016 en 12,4% í Evrópulöndum innan OECD. Það er í hvoru tilviki um sig 1,8 og 4,3 prósentustigum hærra en atvinnuleysið meðal innfæddra.
- Farandfólk er fjölmennara í einhæfum störfum, sem þýðir að það er í aukinni áhættu að missa vinnuna eftir því sem sjálfvirkni eykst. Í Evrópulöndum innan OECD eru 47% launþega af erlendum uppruna í vinnu sem fyrst og fremst snýst um einhæf störf.

Búferlaflutningar fjölskyldna

- Meira en 1,6 milljónir manna, sem fluttust búferlum af fjölskylduástæðum, fengu útgefið dvalarleyfi á OECD svæðinu árið 2015, en það svarar til nærri 40% af heildarinnstreymi innflytjenda.
- Sameiningu fjölskyldna fylgja tafir, í samanburði við fólksflutninga í atvinnuskyni, en fjölskyldusameining bregst einnig við stefnubreytingum varðandi skilyrði, málsmeðferðartíma og reglur um streymi annars farandfólks.
- Hjúskaparstofnun er mikilvæg og vaxandi ástæða fólksflutninga. Í mörgum löndum OECD er meira en 10% nýstofnaðra hjúskapa milli ríkisborgara og útlendinga.
- Í samanburði við aðra hópa farandfólks virðist fullorðið fjölskyldufólk seinna til að komast inn á vinnumarkaðinn í gístillandinu. Í Evrópu nær fullorðið fjölskyldufólk atvinnustigi sem sambærilegt er að meðaltali við aðra flokka farandfólks og innfædda ekki fyrr en eftir 20 ára dvöl.
- Búferlaflutningar maka og barna útlendinga eru háðir kröfum um tekjur eða húsnæði í flestum löndum OECD. Slíkar kröfur eru óalgengari í tilvikum maka og barna ríkisborgara. Kröfur um tungumálakunnáttu og aðlögun hafa einnig verið teknar upp í fjölda landa OECD á síðasta áradug en lítil merki eru um áhrif þeirra á atvinnuþátttöku.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjölmörg útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.



[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)

© OECD (2017), *International Migration Outlook 2017*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/migr_outlook-2017-en